



Kraftmeira
SAMFÉLAG
Í ÞINGEYJARSÝSLUM

Sameiningarkosningar 21. janúar 2006

SAMEINADIR SIGRUM VÉR!



Ljósmynd: Halþór Hreiðarsson

Ágæti kjósandi!

Tillaga um sameiningu fjögurra sveitarfélaga, Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps verður borin undir kjósendur laugardaginn 21. janúar næstkomandi. Meirihluti íbúa þessara sveitarfélaga samþykkti sameiningu í kosningum um sameiningu sjö sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum síðastliðið haust og þykir eðlilegt að láta reyna á vilja þeirra til sameiningar. Vissulega kann íbúum að þykja sem borið sé í bakkafullan lækinn með því að bjóða þeim að ganga enn einu sinni að kjörborðinu á stuttum tíma en sumir íbúanna greiða nú atkvæði í þriðja sinn á fáum mánuðum.

Fyrir sameiningarkosningarnar í Þingeyjarsýslum í október gaf þáverandi samstarfsnefnd út kynningarefni með ýmsum upplýsingum um rekstur sveitarfélaganna sem vissulega eru enn í fullu gildi. Í því blaði sem íbúar fá hér í hendur var valin sú leið að kalla eftir röddum íbúa á svæðinu um kosti og galla sameiningar og áhersluefnum sem þessum íbúum þykja mestu skipta. Með því viljum við reyna að efla skoðanaskipti meðal íbúanna.

Ennfremur verða haldnir fundir á vegum samstarfsnefndar í öllum sveitarfélögum fjórum þar sem íbúum gefst kostur á að frekari umræðum um tillöguna. Boðið hefur verið til fundanna gestum sem miðla munu okkur reynslu af sameiningum sveitarfélaga annars staðar á landinu.

Með þessari útgáfu vonumst við til að íbúarnir gefi sér tóm, nú í skammdeginu, til að ræða um sameiningarmálin. En fyrst og síðast vonumst við til að sjá sem flesta á kjörstað þann 21. janúar.

Með óskum um að gleðilegt ár.

Samstarfsnefnd

Er þetta tímabært?

Hvort sem okkur líkar betur eða verr þá hefur þjóðfélagið tekið örum breytingum á síðustu árum. Sveitarfélög í landinu hafa verið að stækka, þeim hefur fækkað og öll stjórnsýsla tekur mið af því. Við sem í sveitarstjórnnum sitjum, verðum áþreifanlega vör við auknar kröfur til sveitarfélaganna bæði hvað varðar þjónustu við íbúana og rannsóknir í tengslum við ný atvinnutækifæri. Þetta krefst mannafla, fagmennsku og fjármagns. Þá verðum við einnig áþreifanlega vör við aukinn kraft þeirra sveitarfélaga sem hafa sameinast. Þau hafa aukinn styrk og rödd þeirra nær betur til stjórnvalda og landsmanna allra. Allar breytingar fela í sér vissa ögrun. Þær knýja okkur

til að hugsa hlutina upp á nýtt, takast á við breyttar aðstæður. Þar sem engar breytingar eiga sér stað verður stöðnun. Mönnum hættir til að standa í stað.

Sameining sveitarfélaga gerist ekki á einum degi. Fyrst er að taka ákvörðun um sameiningu, síðan tekur nokkur ár að þróa nýtt sveitarfélag. Þess vegna liggur okkur á. Að biðna í nokkur ár enn þar til við hefjum þetta ferli, er að okkar mati alvarlegt mál fyrir þetta svæði og ávísun á stöðnun meðan sveitarfélög vítt um land eru komin á fulla ferð í þróunarvinnu sem hagkvæmni stærðarinnar gerir þeim kleift.

Samstarfsnefnd

Dæmi um verkefni framundan...

- ...hlúa að því sem fyrir er með því að efla vinnu að gæða- og markaðsmálum, t.d í landbúnaði, sjávarútvegi og ferðaþjónustu.
- ...nýta orkuauðlindir til að skapa ný atvinnutækifæri.
- ...stuðla að uppbyggingu vega innan nýs sveitarfélags, s.s. að ljúka veginum til Kópaskers og Raufarhafnar og vegi meðfram Jökulsá á Fjöllum.
- ...aukin þjónusta og þróun í skólalaldi og símenntun.
- ...hvernig getum við markaðsett íslenska veturinn?
- ...endurreisa flugsamgöngur til Húsavíkur.
- ...stuðla að betri tengingu við Akureyrarsvæðið og Austurland með jarðgöngum undir Vaðlaheiði og Hellisheiði eystri.
- ...stuðla að atburðaröð í sveitarfélaginu allan ársins hring (íþróttamót, Mærudagar, Jökulsárhlaup, Menningardagar, Kvæðakvöld, Sléttuganga o.s.frv.)



Ljósmynd: Halþór Hreiðarsson

Tilfinningamál en skynsamlegt skref

Ágætu sveitningar og vonandi væntanlegir sveitningar!

Þegar ég var beðinn um að skrifa um sameiningarmál í þennan bækling þá svaraði ég því játandi án mikillar umhugsunar.

Þegar hins vegar kom að því að semja eitthvað um þessi mál þá gekk það ekki eins vel. Í mínum huga er þessi sameiningarumræða löngu hætt að snúast um rök með og á móti. Hún snýst eingöngu um tilfinningamál. Andstæðingar sameiningar vilja halda í gömlu hreppana, sumir af því að þetta hefur sennilega verið svona mjög lengi, jafnvel alveg frá landnámsöld. Allavega virðast það vera aðal rökin. Svo eru hinir sem ætla að búa hér í framtíðinni. Þeir hafa áhyggjur af þjónustu, fjárhag og ekki síst því hvort einhverjir séu nú tilbúnir að gefa sig í að sinna sveitarstjórnarmálum í fámennum sveitahreppum, jafnvel fyrir lítið kaup.

Við sem eigum börn á leikskóla- og á skólaaldri höfum áhyggjur, allavega

sum, af rekstri skólanna. Við þurfum að hafa fjárhagslegan styrk til að sinna þessu svo sómi sé að.

Nú kann einhver að spyrja; „Er ekki allt í lagi með þetta eins og þetta er?“ Jú sem betur fer, en getum við treyst á þær tekjur sem við höfum frá Jöfnunarsjóði í dag. Ég segi að við eigum að vera menn til að nýta okkur þær góðu samgöngur sem við höfum núna með nýja Tjörnesveginum og vonandi innan tíðar Hólaheiðarveginum, til aukins samstarfs á þessu svæði á öllum sviðum.

Ég var spurður sérstaklega um landbúnaðarmál í þessu sambandi. Ég sé nú ekki fyrir miklar breytingar á þeim málum. Við erum og verðum sauðfjárræktarhérað. Við verðum með eina sauðfjárveikivarnalínu í sveitarfélaginu sem ég sé ekki að breytist mikið í bráð.

Ég held að sameining sveitarfélagna geti hjálpað til við að efla ferðaþjónustu á svæðinu og kannski hefði stórt sveitarfélag slagkraft til að stuðla að aukinni afþreyingu fyrir



Ljósmynd: Guðrún Baldvinsdóttir

Rödd kjóсандans

Einar Ófeigur Björnsson,
bóndi í Lóni, Kelduneshreppi



ferðamenn hér sem mér finnst sárlega vanta.

Ég hvet menn til að mæta á kjörstað einu sinni enn í þessari lotu og segja nú já. Sérstaklega vil ég hvetja Húsvíkings til að mæta. Þó svo að einhverjum þar kunnist að finnast þeir eiga litla samleið með Norður-Þingey-

ingum þá trúir ég því að sameining þessara sveitarfélaga sé liður í þeirri þróun að sameina báðar Þingeyjarsýslurnar í eitt sveitarfélag. Það er það sem við þurfum, ásamt auknu samstarfi við Eyfirðinga. Þannig og aðeins þannig fáum við alvöru mót-vægi við höfuðborgarsvæðið.



Ljósmynd: Guðrún Baldvinsdóttir

Yfirlýsing frá hreppsnefnd Kelduneshrepps

„Meirihluti hreppsnefndar Kelduneshrepps lýsir yfir stuðningi sínum við áform við sameiningu fjögurra sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu og hvetur íbúa til að nýta kosningaréttinn og láta í ljósi vilja sinn í kosningunum þann 21. janúar 2005.“

Yfirlýsing frá hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps

„Sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps lýsir yfir stuðningi sínum við áform um sameiningu fjögurra sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu og hvetur íbúa Öxarfjarðarhrepps til að samþykkja sameininguna í kosningunum þann 21. janúar 2006.“



Ljósmynd: Kristbjörg Sigurðardóttir, læknir



Ljósmynd: Hafþór Hreiðarsson

Flestar hænur í Kelduneshreppi og 48 ær á hvern hrút í Öxarfirði!

Þó Húsavíkurbær eigi metið hvað varðar fólksfjölda í sveitarfélögunum fjórum standa þeir hins vegar nokkuð að baki á flestum sviðum í búfjáreigninni. Að vísu eru flestar kýr í Húsavíkurbæ eða tæplega 150 talsins en Húsvíkingar eiga ekki nema 14 hænur á móti 48 í Kelduneshreppi!

Fjárflest er í Öxarfjarðarhreppi eða tæplega 8.800 fjár og þar er einnig mest annríki á hrútum eða 48 ær á hvern. Í Kelduhverfi þjónar hver hrútur ekki nema 32 ám að meðaltali, þannig að þar ætti að vera hagræðingarmöguleiki!

Betur sjá augu en auga!

Fjárhagsstaða minni sveitarfélaga ræðst af íbúafjölda og atvinnuástandi þeirra á hverjum tíma. Það á hins vegar ekki við um þau verkefni sem þau standa fyrir. Tekjustofnar þessara sveitarfélaga standa því oft ekki undir verkefnum þeirra. Þetta kemur meðal annars fram í því að minni sveitarfélög eiga sjaldnast kost á því að halda úti virku nefndastarfi um tiltekna málaflokka. Fyrir vikið er ákvarðanatöku að mestu í höndum kjörinna sveitarstjórnarmanna og ráðinna embættismanna sveitarfélagsins. Afleiðingin er sú að fámennur hópur hefur umsjón með allri ákvarðanatöku og þarf fyrir vikið að setja sig inn í óheyrilegan fjölda málaflokka. Öflun þeirrar þekkingar sem er nauðsynleg forsenda ákvarðanatöku er hins vegar tímafrek og því má ætla að þessar aðstæður geti haft slæmar afleiðingar á ákvarðanatöku á ýmsum sviðum. Stærri sveitarfélög eiga kost á því að fela fastanefndum úrlausn tiltekinnar viðfangsefna og málaflokka. Ef fleiri koma að ákvarðanatöku skapast forsenda fyrir verkaskiptingu. Á grundvelli slíkrar verkaskiptingar er hægt að gera meiri kröfur um þekkingu á

tilteknum sviðum. Aukin þekking á tilteknum viðfangsefnum leiðir alla jafna til betri ákvarðana, sem er til góða fyrir íbúana.

Ljóst er að á næstu árum munu sveitarfélög á Íslandi þurfa að takast á við enn fleiri verkefni en þekkist í dag. Auknar kröfur, lög og reglur sem sett eru á Alþingi eru þess valdandi að kostnaður við ýmis verkefni hefur aukist á síðustu árum, og sér ekki fyrir endann á því. Hér má t.d. nefna umhverfismál en í haust tóku gildi ný

lög um umhverfismat. Í nýju lögunum er sveitarstjórnnum og íbúunum þar með fært meira vald en áður en á móti kemur að þessu fylgir kostnaður sem lítil sveitarfélög munu eiga erfitt með að kljúfa í framtíðinni.

Sameining smærri sveitarfélaga er ein af megin forsendum þess að hægt sé að ná upp þeirri stærðarhagkvæmni sem er nauðsynleg til að hægt sé að stuðla að aukinni verkaskiptingu og faglegri ákvarðanatöku.

Rödd kjósandans

Elvar Árni Lund,
sveitarstjóri, Öxarfjarðarhreppi



Guðný Hrund Karlsdóttir,
sveitarstjóri, Raufarhöfn



Hvað get ég gert?

Það heyrir oft í tengslum við sameiningu sveitarfélaga að stjórnvísan fjarlægist íbúana og að þeir hætti að hafa áhrif. Sérstaklega virðist það vera almenn tilfinning að þetta eigi við þegar minni sveitarfélög sameinast stærri, og stærðarmunurinn er mikill. Þessi stóri muni bara gleypa allt og ráða öllu.

Ef þetta er almenn tilfinning þá liggur svarið ekki í því að ákveða bara að segja nei við sameiningu. Slík ákvörðun væri alger uppgjöf og afneitum á þeirri framtíðarsýn sem öllum er nauðsynleg.

Svarið hlýtur að felast í því að taka ákvörðun um það að hafa áhrif í breyttu sveitarfélagi.

Stóra spurningin er því sú; hvað get ég gert til þess að hafa áhrif á það samfélag sem ég bý, til þess að það verði sem líkast því sem ég vil hafa? Fyrir okkur sem höfum búið við það

að hafa eingöngu persónukjör (óhlutbundnar kosningar) við val á sveitarstjórn er breytingin mikil. Við erum von því að kjósa okkur menn en þurfum þess í stað að velja flokka eða framboð, hvort sem þeir tengjast hinu hefðbundna litrófi stjórnmálanna eða ekki. Það þarf sem sagt allveg nýja hugsun í það að hafa áhrif. Í fyrsta lagi er ekki lengur um það að ræða að menn geti lent inn í sveitarstjórn sér að óvörum, það verður engin kosinn nema hann bjóði sig fram. Og þar liggur einmitt tækifærið; að bjóða sig fram.

Hafi fólk skoðanir og áhuga á því að móta sitt sveitarfélag þá verður að koma því á framfæri. Enginn getur haft raunveruleg áhrif með því að nölra eingöngu yfir hlutunum heima í eldhúsi eða á vinnustaðnum. Við verðum að koma okkur á framfæri og bjóða okkur fram.

Rödd kjósandans

Rúnar Þórarinnsson,
oddviti, Öxarfjarðarhreppi



En ekki geta allir verið í framboði og náð kjöri. Vettvangur hinna sem frekar kjósa að ræða málin af hliðarlínunni er því sá að starfa innan framboða og flokka, en einnig og ekki síður að stuðla að því að stofna hverfafélög. Slík hverfafélög eru kjörin til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og til þess að hafa áhrif á kjörna fulltrúa í sveitarstjórn. Ég vil því eindregið hvetja íbúa til þess stofna slík félög og gera sitt til þess að móta samfélagið. Mikilvægt

er að það gerist sem fyrst eftir sameiningu, þannig að hægt sé að vera virkur frá byrjun.

Endilega látið ekki hræðslu um yfirgang og smæð aftra ykkur frá því að taka skynsamlega ákvörðun þann 21. janúar næstkomandi. Ykkar er valið! Ef þið viljið þá getið þið haft áhrif, hvert og eitt eða saman, hvort sem þið búið á Raufarhöfn, Öxarfirði eða Húsavík.

„Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér“



Ljósmynd: Grúfríður Baldvinsdóttir



Ljósmynd: Hafþór Hreiðarsson

Yfirlýsing frá bæjarráði Húsavíkurbæjar

„Bæjarráð ítrekar þau viðhorf sem fram koma í ályktunum bæjarstjórnar Húsavíkurbæjar um sameiningu sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu frá 20. sept. og 25. okt. s.l. þar sem fram kemur ákveðinn vilji bæjarstjórnarinnar til sameiningar sveitarfélaga í sýslunni.

Bæjarráð hvetur kjósendur til þess að nýta kosningarétt sinn og greiða tillögu um sameiningu Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufnarhafnarhrepps atkvæði sitt. Meirihluti kjósenda í þessum sveitarfélögum hefur lýst jákvæðu viðhorfi til sameiningar sveitarfélaga í héraðinu í nýafstöðnum kosningum. Mikilvægt er að sá vilji nái fram að ganga nú til mótunar nýs sveitarfélags.

Bæjarráð væntir þess að íbúar Húsavíkurbæjar láti ekki neikvæð viðhorf íbúa annarra sveitarfélaga til sameiningar stýra þróuninni á svæðinu.“

Íbúafjöldinn

1. desember 2005

Húsavíkurbær	2.378
Kelduneshreppur	100
Raufarhafnarhreppur	228
Öxarfjarðarhreppur	330
Samtals	3.036



Ljósmynd: Hafþór Hreiðarsson

Sameiningarmál Þingeyinga

Heilsugæslan

Fyrir um áratug sameinuðust heilsugæslustöðvarnar í Norður-Þingeyjarsýslu í eina stofnun sem síðan rann inn í Heilbrigðisstofnun Þingeyinga árið 2000, en hún nær yfir Þingeyjarsýslur báðar. Eftir rúmlega 20 ára starf á svæðinu hefur undirritaður því umtalsverða reynslu af vinnu í litlum einingum og líka sem hluti af stærri heild. Það er mitt mat að þegar á heildina er litið hafi áhrif þessara sameininga verið jákvæð. Það hefur ekki verið dregið úr þjónustu á litlu stöðunum og einhver sparnaður hefur orðið með hagkvæmari innkaupum, minni yfirstjórn o.fl. Enn meira atriði er þó stóraukin samvinna og samnýting starfsfólks milli starfsstöðva, sem ég er sannfærður um að hefur bæði bætt þjónustu við íbúana og stuðlað að aukinni ánægju starfsmanna í starfi, auk þess að spara peninga. Í ljósi þessarar reynslu tel ég víst að kostir við sameiningu sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum muni vega miklu þyngra en gallar þegar upp er staðið, þótt full hagkvæmnisáhrif komi ekki

fram fyrir en öll sveitarfélögin í sýslunum báðum hafa sameinast.

Félagsþjónustan

Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga hefur sannað gildi sitt m.a. með faglegri vinnu barnaverndarnefnda, aðstoð við fatlaða og aðkomu sérfræðinga að erfiðleikum í skólastarfi og aðstoð við nemendur sem standa höllum fæti, að ógleymdu samstarfsverkefni um endurhæfingu öryrkja. Það hefur háð þessari stofnun í vissum tilvikum að ekki hefur farið saman að öllu leyti fagleg og fjárhagsleg ábyrgð, þ.e. einstök sveitarfélög ráða fólk og greiða fyrir verkefni sem félagsþjónustan ákveður um, svo sem heimilishjálp, sérkennslu og liðveislu á heimilum. Þetta getur komið mjög þungt niður á einstökum litlum sveitarfélögum meðan önnur sleppa tilföllum ódýrt frá því og fyrirkomulagið býður upp á að ekki sé ávallt leitað hagkvæmstu lausna eða að tregða geti orðið í að greiða fyrir einstökum málum.

Í nýju stærra sveitarfélagi vil ég sjá

Rödd kjóсандans

*Sigurður Halldórsson,
læknir á Kópaskeri*



meiri samþættingu heilbrigðisþjónustu, einkum heimahjúkrunar, við heimilishjálp og aðra öldrunarþjónustu, svo og við félags- og skólaþjónustu og að saman fari fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á málaflokkunum. Með því ætti að vera tryggt að ávallt verði leitað hagkvæmstu lausna fyrir heildina.

Öldrunarþjónustan

Öldrunarþjónustan er að miklu leyti sameiginlegt verkefni hjá okkur og að mörgu leyti mjög góð. Þó má gera enn betur. Sem dæmi má nefna að viss tilhneiging er hjá sveitarfélögum til að ýta undir stofnanavistun þar sem ríkið greiðir talsverðan hluta

dvalarkostnaðar, þótt miklu ódýrara sé fyrir samfélagið í heild, og í mörgum tilfellum meiri lífsgæði fyrir einstaklingana, að dvelja heima í sjálfstæðri búsetu og fá aðstoð þar.

Þegar allt kemur til alls þá er þessi sameining nú skref fram á við og gefur okkur tækifæri til að sýna að við treystum hverju öðru Þingeyingar til að vinna betur saman að sælla mannlífi.

Sameining ekki framfaraspor fyrir dreifbýlissveitarfélögin

Sameining sveitarfélaga hefur mikið verið í sviðsljósinu að undanförunu og enn sér ekki fyrir endann á því. Ríkisvaldið leggur ofur kapp á að fækka sveitarfélögum og talað er um að færa fleiri verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna og þá væntanlega einhverja tekjustofna með. Enn er þó engin niðurstaða fengin í það mál, eftir því sem ég best veit. Tel ég það hreint fráleita aðferð að neyða íbúa

sveitarfélagana í kosningar um sameiningu áður en gengið hefur verið frá þeirri verkaskiptingu.

Mér finnst dálítið einkennilegt hvernig fjölmiðlar fjalla oftast um sameiningarkosningar. Mikið fer fyrir þeim sem styðja sameininguna en aftur á móti fá þeir lítið pláss sem andvígir eru. Ef sameiningin er felld er helst talað við þá sem eru svekktir yfir því

Rödd kjóсандans

*Stefán Leifur Rögnvaldsson,
bóndi, Leifsstöðum Öxarfirði*



og ef hún er samþykkt helst talað við þá sem eru ánægðir með það.

Senn líður að einum sameiningarkosningunum enn. Kjósa á um hvort sameina eigi Húsavíkurbæ, Kelduneshrepp, Öxarfjarðarhrepp og Raufarhafnarhrepp. Ég ætla að segja nei við þeirri tillögu. Hvers vegna? Ég tel að það sé ekki góður kostur fyrir dreifbýlissveitarfélög að sameinast kaupstað. Þangað fer öll stjórnsýsla og öll ákvarðanatata verður þar. Þjónustan við okkur mun ekki aukast og sennilega minnka, ef hún breytist eitt-hvað. Þjónustufulltrúar sem staðsettir yrðu á Kópaskeri og Raufarhöfn fá fljótt að fjúka þegar á reynir. Þessa skoðun mína byggir ég á samtölum

mínum við fólk sem reynt hefur svona sameiningar. Þar kemur fram að uppbygging þjónustunnar fer nær eingöngu fram í kaupstaðnum þar sem flestir notendur hennar búa en lítið er um hana sinnt í dreifðari byggðum. Þegar þeir peningar sem ríkið lofar sveitarfélögunum fyrst eftir sameiningu eru búnir veldur sveltistefna ríkisins því að þá þarf fyrst að fara hagræða og spara og hvað leiðir það af sér? Eins og alltaf verður hin dreifða byggð fyrir barðinu á því.

Ég vil að endingu hvetja alla til að nota atkvæðisrétt sinn 21. janúar næstkomandi og vera óhrædda við að láta skoðun sína í ljós.



Ljósmynd: Kristbjörg Sigurðardóttir, læknir

Samþykkt og hvað svo?

Ef íbúar allra sveitarfélaganna fjögurra samþykkja tillöguna þann 21. janúar hefst eiginlegt samrunaferli. Koskið verður til fyrstu sveitarstjórnar þann 27. maí nk. og nýtt sveitarfélag tekur til starfa í kjölfarið.

Engin endurkosning!

Úrslit fást í einni umferð, ólíkt kosningunum sl. haust. Þá giltu sérstök viðbótarákvæði um endurkosningu í þeim sveitarfélögum sem höfnuðu í fyrstu umferð. Þau eru nú fallin úr gildi!

Samþykki þrjú sveitarfélaganna sameininguna geta sveitarstjórnir þeirra ákveðið að sameina þau, þó því aðeins að í þeim búi 2/3 íbúa sem tillagan nær til.

Hafnað og hvað þá?

Hafni íbúar sveitarfélaganna sameiningunni, þ.e. að lágmarki tvö þeirra, heldur starfsemi sveitarfélaganna áfram óbreytt. Koskið verður til nýrra sveitarstjórna við reglubundnar kosningar þann 27. maí í vor.



Ljósmynd: Sigrún Einarsdóttir

Yfirlýsing frá hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps

„Sveitarstjórn Raufarhafnar lýsir yfir stuðningi sínum við áform um sameiningu fjögurra sveitarfélaga í Pingeyjarsýslum og hvetur íbúa til að nýta kosningarétt sinn í kosningunum þann 21. janúar 2006.“

Um sameiningu

Ég hef verið obbolítið að brjóta heilann um þessa sameiningu sem verið er að reyna að koma á. Auðvitað lýg ég því. Hvernig á maður svo sem að fara að því að brjóta heilann? Þetta er bara svona gums, sem er í besta falli hægt að stappa. Hins vegar, ef maður ætlar að stappa hann, þá þarf maður að byrja á því að brjóta hausinn sem hann er í og taka hann þaðan og stappa hann og setja hann svo í aftur og þá er hætt við að hann sé orðinn enþá vitlausari en hann var fyrir. Annað sem notað hefur verið um það að hugsa í ákafa er að maður leggi heilann í bleyti. Mér sýnist það

muni hefjast á sömu athöfn, sem sé að brjóta hausinn og taka heilann úr honum og leggja hann í vaskafat, eða eitthvað þvílíkt, og hella svo yfir hann vætu eftir smekk. Svo setur maður heilann aftur á sinn stað eftir hæfilegan tíma og þá er hann orðinn enn gagnslausari en hann var áður. Hafið þið nokkuð grufnað í því af hverju svona fjandi röttækar myndlíkingar eru notaðar um þennan sérstaka verknað, sem sagt það að hugsa? Mig grunar að þetta stafi af því að eðlisávisun mannsins hafi sagt honum að það væri óttalega vitlaust og erfitt að vera að reyna að hugsa og

Rödd kjóсандans



Jónas Fr. Guðnason,
skrifstofumaður, Raufarhöfn

maður skyldi ekki taka upp á því fyrr en búið væri að prófa allt annað. Svo ég hef sem sagt alls ekkert verið að brjóta heilann um þessa sameiningu. Ég er hins vegar búinn að segja já í einhver skipti, en mér sýnist einna helst að það taki enginn mark á því. Ég er ekkert hissa, þetta er gömul saga og dapurleg, ég kaus Alþýðuflokkinn árum saman og það endaði með því að hann hvarf. Ég ætti kannski að segja nei næst og vita hvort ekki verður þá rokið til að sameina.

En ég ætla nú samt að reyna að leggja ofurlítið jákvætt lóð á voga-skálarnar. Ég nálgast það að vera forfallinn í golfinu. Ég ætla ekkert að ræða það, hvorki við þig eða aðra, hvort ég get eitthvað, það er persónuleg spurning og bara dónalegt af þér að vera að hamra á þessu. En sem sagt: Ég er sokkinn í golfið og það er enginn golfvöllur á Raufarhöfn. Ég hef aldrei spilað á Húsavík, völlurinn er of langt í burtu til að skreppa þangað eftir vinnu og ekki nógu langt í burtu til að maður kunni við

að leigja afdrep og liggja við í einhverja daga og spila, eins og maður gerir á stöðum sem lengra eru í burtu. Svo maður lætur Ásbjrgi duga að mestu. Þangað má skjótast eftir vinnu, ef maður nennir að vera að lengst fram á kvöld, og altént getur maður þá farið um helgar, ef veðrið er ekki banvænt. En hugsíði ykkur nú ef við sameinumst alveg frá Raufarhöfn inn á Húsavík. Ha? Ég verð allt í einu búsettur í sveitarfélagi með tvo golfvelli og get skotist á völlinn þegar mér dettur í hug og þarf ekki að vera að aka með allt í botni (auðvitað meina ég á löglegum ökuhraða) í aðrar sveitir, ef mig langar í einar 9 holur eða svo.

En aumingja Raufarhafnarbúarnir og Húsavíkingarnir sem eiga sumarbústaðina sína í Öxarfirðinum. Ef þetta verður allt sameinað þá flytja bústaðirnir allt í einu heim á hlað hjá þeim.

Nei, mér datt þetta bara í hug!



Ljósmynd: Guðný Hrund Karlsdóttir

Hugleiðing um ferðamál

Í byrjun nóvember sat ég samkvæmi ferðaþjónustunnar á Norðurlandi og hlustaði á framtíðarsýn Mývetnings sem leit aldarfjórðung fram í tímann. Hann kom með ýmsa skemmtilega punkta og ekki skorti bjartsýnina. Mývatn þarf engu að kvíða samkvæmt þeirri spá og Húsavík mun blómstra ef spáin gengur eftir. Sama má segja um Kelduhverfi, Ásbyrgi og Jökulsárgljúfur. Spáin náði ekki lengra austur. „Ja héna,“ hugsaði ég næstum upphátt, þegar ég áttaði mig á því. „Það er engu á þá logið!“ Þessi framtíðarsýn, þó að hún hafi verið í léttum

dúr, staðfesti þá skoðun mína að við sem búum austan við Gljúfrin eigum undir högg að sækja í ferðaþjónustunni. Það er dapurleg staðreynd að hið opinbera er sama sinnis og þessi annars bráðskemmtilegi Mývetningur. Þar þurfum við ekki annað en að skoða kennslufni fyrir leiðsögumenn í Ferðamálastólum Íslands. Ef við leitum svo að orsökunum, þá er þær víða að finna. Hvað höfum við að bjóða, við sem búum austan Grettisvaða? Höfum við eitthvað að bjóða sem aðrir hafa ekki? Eða ættum við að orða þetta svona: Erum við að bjóða

eitthvað? Ef til vill liggur kjarni vandans þar. Það er ekki nóg að hafa fegursta sólarlagið, norðurljósin, víðáttuna. Maður talar nú ekki um námundina við heimskautsbaug, Melrakkasléttuna, laxveiðina, Langanesið og fleira og fleira. Þessi atriði sem ég nefndi eru örfá brot í stórum haug. Haug gullinna tækifæra. Ef við gerum ekkert við hauginn þá hverfur hann niður í svörðinn. Öllum er frjálst að ganga í hann og tína út úr honum þær gersemar sem þeim hugnast og nota í myndunaraflíð til að gera þá áhugaverða og jafnvel gera þá að sínu lífsviðurværi. Því meir sem tekið er úr haugnum, því betra. Þegar einstaklingur eða hópur einstaklinga er farinn af stað með hugmynd, er nauðsynlegt að fá stuðning við bakið frá

sveitarstjórn eða fagaðilum. Þannig verður öflug ferðaþjónusta til. Ýmsir hafa þá skoðun að við sameiningu sveitarfélaga myndist ný skilyrði fyrir atvinnusköpun og að það geti orðið veruleg lyftistöng fyrir ferðaþjónustuna. Ég hef velt þessu mikið fyrir mér og verð að segja að ég hef þá skoðun að einstaklingar verði ekkert hugmyndaríkari við að færast í stærra sveitarfélag. Eftir þá reynslu, sem ég nefndi í upphafi, þá tel ég fjórar sveitarstjórnir líklegri til að hlúa betur að málum heldur en ein. Ef af sameiningu verður, sem ég tel mjög líklegt, þá vona ég að nýir sveitarstjórnarmenn sjái lengra í austur en Mývetningurinn.



Ljósmynd: Halþór Hreiðarsson

Rödd kjóсандans

*Erlingur Thoroddsen,
hótelstjóri, Raufarhöfn*



Sameiginleg verkefni ferðaþjónustu

Tæknilegar lausnir eru oft forsenda framfara. Það er samt fyrst þegar huglægum hindrunum hefur verið rutt úr vegi sem stórstígar framfarir eiga sér stað. Það tekur alltaf tíma að átta sig á nýjum veruleika og kanna hvaða möguleika hann hefur upp á að bjóða.

Ferðaþjónustan er gott dæmi um atvinnugrein þar sem fara saman hagsmunir stærri heildar en sem rúmast innan þeirra þröngu hreppamarka sem við búum við í dag.

Svo heppilega vill til að innan þess svæðis sem nú verður greitt atkvæði um að sameina hafa átt sér stað stórstígar endurbætur í samgöngumálum. Vegurinn um Tjörnes skiptir miklu fyrir samgöngur innan svæðisins. Með þeim vegi er verið að tengja saman þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum og svæðið vestan við, sem eru tvö mikilvæg svæði innan héraðs í ferðaþjónustu.

Fyrir ferðaþjónustu tel ég að brýnasta verkefnið sem nýtt sameinað sveitar-

félag stendur frammi fyrir sé að tryggja að ekki aðeins efri hluti Dettifossvegur að vestan komist inn á vegaáætlun. Ég tel að nýtt og öflugra sveitarfélag sé betur í stakk búið að vinna slíku máli brautargengi og jafnframt að nýta þau tækifæri sem þá verða til. Það eru tímamót fyrir héraðið í heild að heilsársvegur niður með Dettifossi að vestan skuli vera kominn inn á vegaáætlun. Með þessum fyrirhuguðu samgöngubótum verður þjóðgarðurinn og umhverfi hans ekki lengur jaðarsvæði en verður þess í stað komið inn í hringiðu ferðaþjónustu á landsvísi.

Það verður einnig áskorun fyrir nýtt sveitarfélag að byggja upp þekkingu og getu til að taka við sem flestum verkefnum sem tengjast fyrirhuguðum nýjum þjóðgarði norðan Vatnajökuls. Strax í upphafi skiptir miklu að tryggja að uppbygging hans fari fram sem mest út frá forsendum heima-

manna og að þeir fái tækifæri til að hafa frumkvæði í því máli.

Húsavík er nú komin inn á kortið sem áfangastaður ferðamanna vegna þeirrar fjölbreyttu afþreyingar sem þar er í boði. Ég er þeirrar skoðunar að vöxturinn næstu tíu árin verði engu minni. Einnig nýtur Húsavík góðs af staðsetningu sinni miðsvæðis og sem þjónustukjarni í einu áhuga-verðasta ferðamannasvæði landsins. Í þessari framtíðarsýn sé ég einnig mörg tækifæri til uppbyggingar þjónustu á svæðum austan Jökulsár, á Melrakkasléttu og austur á Langanes. Þar eru fyrir hendi ýmsir möguleikar sem önnur svæði í héraðinu hafa ekki

uppá að bjóða. Öflug ferðaþjónusta þarf að byggjast á fjölbreytileika og sterkri heild. Með samvinnu í markaðssetningu svæðisins og uppbyggingu grunnþjónustu og afþreyingu tel ég unnt á að virkja þá miklu möguleika sem svæðið hefur upp á að bjóða. Með sameiningu sveitarfélaga erum við að sameina kraftana um öfluga stjórnarsýslu sem getur tekið að sér fleiri og fjölbreyttari verkefni. Mikilvægustu tækifærin verða samt til ef sameiningin verður til þess að við ryðjum úr vegi þeim huglægu hindrunum sem hreppamörkin hafa skapað okkur.

Rödd kjóсандans

*Árni Sigurbjarnarson,
stjórnarformaður Norðursiglingar*





Ljósmynd: Kristbjörg Sigurðardóttir, verslunarmaður

Hvers vegna að sameina sveitarfélög?

Ágæti viðtakandi, sem lest þessar línur!

Enn á ný er blásið til kosninga um sameiningu sveitarfélaga í Þingeyjar-sýslum, og er það þriðja atlagan á þessum vetri. Það eitt er umhugsunarefni hvort hægt er og edlilegt að kjósa um slíkt aftur og aftur og að því er virðist þangað til rétt niðurstaða fæst að mati þeirra sem ferðinni ráða. Eftir fyrstu kosninguna voru þeir einir spurðir um nýja afstöðu við breyttar aðstæður sem neitað höfðu sameiningu. Þeir hinir jákvæðu áttu engan kost á að skipta um skoðun við breyttar aðstæður og áfram er haldið.

Og enn er það sama spurningin, hvers vegna að sameina sveitarfélög. Í mínum huga eru það engin rök að ráðast að einni elstu stjórnskipun á Íslandi með því að sameina sveitarfélög aðeins sameiningarinnar vegna. Til þess þarf eitthvað meira.

Helstu rökin virðast vera þau að mynda stærri einingar sem hafi styrk og burði til að takast á við aukin verkefni sem til þessa hafa verið á vegum hins opinbera og aukinn slagkraft til ýmissa framkvæmda. Þessum sjónarmiðum er haldið mjög fram annars vegar af hálfu hins opinbera

með félagsmálaráðherra í broddi fylkingar og hins vegar af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Hver hefur svo reynslan orðið? Sveitarfélög hafa sameinast og stækkað og tekið að sér aukin verkefni í krafti stærðar, en eitt hefur vantað, það er aukið fjármagn til að mæta auknum verkefnum. Hvað er þá til ráða? Byrjað er á því að skerða þjónustuna þar sem því verður við komið, einkum í hinum dreifðari byggðum, lagðir niður hinir minni skólar, húsnæði þeirra, félagsheimili og annað handbært selt sé þess einhver kostur og síðast eru svo hitaveitur og annar veitubúnaður seldur þar sem slíku er til að dreifa.

Nú spyr ég: Hvar liggja hagsmunir fólksins sem tekur þátt í slíkri sameiningu? Ég sé þá ekki. Ég viðurkenni að sú mynd sem hér er dregin upp er nokkuð dökk en því miður á hún við rök að styðjast a.m.k. sumstaðar þar sem sameinað hefur verið og þá einkum þar sem sameinað hefur verið þéttbýli og dreifbýli með mjög ólíka hagsmunum. Enda varla von að það fari vel saman.

Með þessu er ég að segja að ég tel það hið mesta óráð að sameina Húsvík og hreppana austan Tjörness í eitt sveitarfélag. Ég tek það fram að fjár-

Rödd kjóсандans



Þórarinn Þórarinnsson,
bóndi, Vogum Kelduhverfi

hagsleg staða viðkomandi sveitarfélaga á hverjum tíma á ekki að ráða afstöðu manna til sameiningar þar sem um langtíma ákvörðun er að ræða, heldur hitt hversu vænlegt nýtt sveitarfélag er til að verða sjálfbært. En ég bendi þó á að fjárhagur Húsvíkurbæjar er um þessar mundir ekki of góður og litlir sjóðir hreppanna í austri munu þar engu breyta við sameiningu.

Nú mundi einhver segja að þrátt fyrir þessa dökku mynd væri freistandi að gera tilraun til sameiningar. Ef það væri hægt gæti ég jafnvel fallist á það en um það er bara alls ekki að ræða. Um þetta vitna bæði tilraunir annarra sveitarfélaga til sameiningarslita og ummæli félagsmálaráðherra „Það sem sameinað hefur verið verður aldrei aðskilið.“

Þess vegna hvet ég þig lesandi góður til að huga vel að þessu sameiningar-

máli og greiða því ekki atkvæði þitt nema þú sért alveg viss um ágæti þess. Því eftir sameiningu verður ekki aftur snúið. Þá er betra að biða um sinn ef síðar skyldu finnast betri rök fyrir sameiningu en nú eru fyrir hendi. Og hvað segir það okkur að langflestir þeir Íslendingar sem kusu um sameiningu sveitarfélaga í haust höfnuðu henni?

Að lokum þetta! Ég hef áður lagt það til og geri það enn á ný að kanna í fullri alvöru sameiningu hreppanna við Öxarfjörð (Kelduneshrepp, Öxarfjarðarhrepp og Raufarhöfn) Þar eru jafningjar á ferð með sameiginlega hagsmunum. Verði í framtíðinni haldþætt rök fyrir stærri sameiningum er þetta áfangi á þeirri leið en bindur okkur ekki um of að sinni.

Góðar stundir.

Veldur hver á heldur!

Umræða um mörk sveitarfélaga hefur farið fram um aldir ef marka má heimildir. Það er eðlilegt þar sem sveitarfélag er á vissan hátt einkonar táknað rænn rammi utan um daglega tilvist fólks, og stendur því nærri. Kannski ekki endilega sveitarfélagið sem stofnun heldur fremur samspil ýmissa þátta, s.s. starfsemi fyrirtækja og stofnana, mannlífs, menningar, landslags eða aðstæðna o.s.v.frv. Aðstæður í sveitarfélögum hafa verið misjafnar og starfsemi eða athafna- semi mismunandi. Á sumum svæðum hefur tíðkast mikil samhjálpa eða einkonar samtrygging á meðan önnur viðmið hafa verið ríkandi á öðrum svæðum. Þannig getur viðhorf fólks verið mismunandi eftir því við hvaða aðstæður það býr eða þekkir. Með öðrum orðum; afstaða mín eða þín fer kannski frekar eftir því hvernig hlutir hafa verið og ég eða þú þekkj- um, í stað þess að horfa á hvað ein- hver óviss tækifæri framtíðarinnar geta hugsanlega borið með sér. Í langan tíma hefur gilt ákveðið sam- starf sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu sem þó hefur tekið breytingum í tím- ans rás. Almennt hefur þar tekist vel til og því er eðlilegt að fólk velti fyrir sér hvort ekki sé rétt að halda áfram á braut samstarfs í stað sameiningar. Þarna er einmitt kjarni málsins að mínu mati. Hvernig ætla Þingeyingar að ráða sínum málum í framtíðinni? Hvernig ætla Þingeyingar að vinna úr þeim fjölbreyttu tækifærum sem eru fyrir hendi á svæðinu? Hvernig ætla Þingeyingar að styrkja byggð innan þessarar skipulagsheildar sem markast af 10 sveitarfélögum, Þingeyjarsveit

að Þórshafnarhreppi (eins og fyrir- komulagið er nú)? Það er hægt að hafa jákvæð áhrif á byggðapróun. Það þarf að marka stefnu til lengri tíma og vinna svæðisskipulag og stefnumótun sem tekur á metnaðar- fullri framtíðarsýn með heildarhags- muni þessa umrædda svæðis að leið- arljósi. Styrkur sveitarfélaga er einn af lykilorðum í því að byggja upp Þingeyjarsýslu, að efla atvinnulíf sem byggir þá á breiðum grunni, nýta fjölbreyttar auðlindir héraðsins, fjölga íbúum. Í þessu samhengi má benda á að það hefur komið fram í ræðu og riti að mikilvæg forsenda fyrir stóriðjuuppbyggingu á Austur- landi hafi verið sameining sveitarfé- laga. Þannig hafi þetta stjórnsýslu- stig orðið hæfara til að takast á við margvísleg viðfangsefni og nýta tækifæri. Nú má ekki skilja orð mín sem svo að það eitt og sér eigi að duga til að allir segi já við sameiningu sveit- arfélaga, eða að eitthvað eitt stórt verkefni sé lykilorð framtíðarinnar. Tækifæri hér um slóðir eru kannski einmitt í fjölbreytileikanum. Það hlýtur að vera skylda okkar að velta rækilega fyrir okkur þeirri hugsun að sterkari og einbeittari skipulagsheild, sterkari Þingeyjarsýslu, er líklegri til að sækja fram og nýta fjölbreytilegan styrk svæðisins til að ná árangri. Hversu mörg sveitarfélögín verða eða ættu að vera er hér látið ósvarað. Í nýsamþykktri stefnumótun Atvinnu- þróunarfélagsins til næstu 10 ára segir m.a. um framtíðarsýn. „Öflugt og fjölbreytilegt atvinnulíf í Þingeyj- arsýslu er sýn félagsins árið 2015 en þetta er einn af hornsteinum betri

Rödd kjóсандans

Gunnar Jóhannesson,
 verkefnisstjóri
 Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga



Ljósmynd: Kristbjörg Sigurðardóttir, verslunarmaður

búsetuskilyrða og þar með fjölgunar íbúa og eflingu byggðar.“ Við Þingey- ingar búum við aðstæður þar sem samspil frumgreina og annarra at- vinnugreina á að geta verið styrkur svæðisins. Sameining einhverra sveit- arfélaga í héraðinu, eða breytingar á línunum á korti, er þar enginn lokaá- fangi eða heildarlausn. Það gæti hinsvegar verið skrefið sem vantar á þessum tímamarki til að treysta öfl- ugt atvinnulíf og blómlega byggð í framtíðinni.

Talað er um verkefnaflutning til sveit- arfélaga og mikilvægi þess að efla þau. Ef stærstu sveitarfélögin eru viðmiðunareiningar hvað varðar getu, hljótum við að sjá að það er einfald- lega vonlitið til árangurs að keyra áfram á litlum sveitarfélögum, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Hér verður vissulega líka að hafa í huga að fólkið sjálft, leiðtogar hvers svæð- is, geta haft þarna mikið að segja. Það hefur einfaldlega svo margt

breynt í þjóðfélaginu og ef þetta svæði á halda í við önnur svæði, þá þurfum við að vinna með því kerfi eða þeirri stefnu sem ríkir, út frá okk- ar forsendum. Eða reyna þá að hafa áhrif á stefnuna og til þess þarf m.a. sterka málsvara. Að óbreyttu eykst frekar en hitt sögið til suðvesturs, en minnumst um leið að jaðarsvæði við helsta þéttbýli landsins hefur verið að eflast að miklum mun. Hefði það getað gerst nema fyrir það að öflug sveitarfélög halda þar uppi merkjum, bæði á Vestur- og Suðurlandi?

Okkar Þingeyinga er að vinna að hagsmunum þessa héraðs og þar er mikið verk að vinna á næstu árum sem við þurfum að einhenda okkur í. Þar þarf margt að hjálpast að en um- fram allt verður baklandið og skipu- lagið í þessari skipulagsheild að vera með þeim hætti að góður heildarár- angur geti náðst. Veldur hver á heldur!



Ljósmynd: Alti Vigfússon

Orka í sameinuðu sveitarfélagi

Sameinað sveitarfélag býr yfir nokkrum orkukostum og þá aðallega jarðhita.

Orkuveita Húsavíkur

Á Hveravöllum í Reykjahverfi er lág-hitasvæði með 120-130°C heitu vatni sem Orkuveita Húsavíkur nýtir til hitaveitu og raforkuvinnslu á Húsavík. Vatnið er leitt frá Hveravöllum til Orkustöðvar, sem stendur rétt sunnan við Húsavík. Í Orkustöðinni er rafmagn framleitt úr 120°C heitu vatni með svokallaðri Kalina tækni. Heitt vatn er notað til að hita lokða hringrás, þar sem amoniakvatnsgufa er látin knýja hverfil sem tengdur er rafala. Rafstöðin annar í dag um 80-90% af raforkuþörf Húsavíkinga. Rafstöðin nýtir vatnið niður í 80°C og er það vatn síðan nýtt inn á hitaveitukerfið á Húsavík.

Þessi rafstöð er sú eina sinnar tegundar í heiminum og hefur tæknin verið þróuð mikið af starfsmönnum veitunnar á síðustu árum. Rafstöðin hefur 20-30% hærra nýtni en aðrar þekktar aðferðir til raforkuvinnslu úr lághitavatni.

Nú standa yfir breytingar í Orkustöðinni sem gera það mögulegt að nýta varmann frá nýrri sorpbrennslustöð Þingeyinga til raforkuvinnslu. Þessum framkvæmdum lýkur á fyrsta ársfjórðungi 2006 og má þá reikna með að 10-15% af raforku sem notuð er á

Húsavík verði framleidd úr varma frá sorpi. Að svo stórt hlutfall raforku sveitarfélag sé unnið úr sorpi á sér örugglega ekki hliðstæðu annarsstaðar í veröldinni.

Í Laugardal við Húsavík er verið að koma fyrir dælu í borholu sem sjá á Sundlauginni á Húsavík fyrir heilsvatni. Framkvæmdum við þessa tengingu lýkur í byrjun næsta árs. Talsvert magn er af 100 °C heitu vatni á jarðhitasvæðinu í Laugardal. Mætti hugsa sér að nýta það til iðnaðarnota og í snjóbræðslukerfi.

Orkuveita Húsavíkur er í samstarfi við Landsvirkjun, Norðurorku, Þingeyjarveit og Aðaldælahrepp um virkjun Þeistareykjasvæðisins og er hlutur Orkuveitunnar um 32% í því félagi. Á síðustu árum hafa verið boraðar tvær háhitaholur sem sýna að svæðið er mjög álitlegt fyrir raforkuvinnslu í stórum stíl. Fyrirhugað er að bora þriðju háhitaholuna þar næsta sumar.

Öxarfjörður og Kelduhverfi

Orkuveita Húsavíkur og Kelduneshreppur standa nú fyrir borunum við Skjálftavatn sem staðfesta eiga tilvist jarðhitasvæðið vestan Jökulsár. Þetta jarðhitasvæði er talið geta staðið undir mikilli orkuvinnslu með vatnshita 100-200°C. Þetta vatn er hægt að nýta í raforkuvinnslu og hitaveitu í Kelduhverfi.

Fyrir nokkrum árum leitaði Íslensk

Orka eftir háhita við Bakkahlaup. Boraðar voru tvær holur sem staðfestu að við Bakkahlaup er að finna stórt lág-hitasvæði með hitastigum frá 100-200°C.

Við Skógarlón í Öxarfirði hafa verið boraðar nokkar vinnsluholur sem gefið hafa mikið af ríflega 100°C heitu vatni. Þetta vatn er nú notað fyrir hitaveitu í Öxarfirði og í fiskeldi. Vitad er með vissu að hægt er að ná í allt að 200°C heitt vatn í þetta jarðhitakerfi.

Gjástykki er þekkt háhitasvæði en hefur ekki verið kortlagt nægjanlega til að áætla útbreiðslu jarðhitans. Svæði tilheyrir þremur sveitarfélögum: Skútustaðahreppi, Aðaldælahreppi og Kelduneshreppi. Líklegt er talið að jarðhita megi finna víða á sprungusveiminum sem teygir sig til sjávar í Öxarfirði.

Slétta / Raufarhöfn

Leitað hefur verið að jarðhita kring-

um Raufarhöfn með hitastigulsborunum. Sú leit hefur ekki borið árangur til þessa. Á sínum tíma varð niðurstaðan sú að halda ekki áfram jarðhitaleit með þessari aðferð en reyna heldur fyrir sér með viðnámsmælingum ef leit yrði tekin upp aftur. Ef það yrði gert þyrfti að víkka leitarsvæðið mikið út til vesturs, jafnvel vestur í Blikalónsdal sem er partur af gosvirkabeltinu.

Rödd kjóсандans

Hreinn Hjartarson,
framkvæmdastjóri Orkuveitu Húsavíkur



Ljósmynd: Guðrún Baldvinsdóttir

Atvinnuundirstaðan í landbúnaði, þjónustu og sjávarútvegi

Landbúnaður, þjónusta og sjávarútvegur bera uppi atvinnulíf í sveitarfélagunum fjórum. Landbúnaði má í raun skipta í tvær megin greinar á svæðinu, þ.e. sauðfjárrækt, sem er mest í Kelduneshreppi og Öxarfjarðarhreppi, og mjólkurframleiðslu en hún er mest í Húsavíkurbæ.

Hvað aðra atvinnustarfsemi varðar er lauslega áætlað að 55 fyrirtæki séu starfandi í sveitarfélagunum í fiskveiðum og -vinnslu, 35 í byggingaríðnaði og vinnuvélastarfsemi, 19 í öðrum iðnaði, 8 í flutningum, 28 í verslun, 78 í annarri þjónustu og um 40 í opinberri þjónustu.

Af þessu má sjá að undirstöður atvinnulífsins á svæðinu byggjast fyrst og fremst á sjávarútvegi, þjónustu og landbúnaði.

Sameiginlegt menningarsvæði

Eg álit að fáir geri sér betur grein fyrir mikilvægi menningar og menntunar þegar kemur að því að skapa þegnum eftirsóknarverð búsetuskilyrði en sveitarstjórnarmenn lítilla sveitarfélaga úti á landi. Í framtíðinni álit ég að gæði samfélaga hvað þessa þætti varðar eigi eftir að hafa enn meiri þýðingu en nú er þegar fólk velur sér búsetu. Mennta- og menningarmál eru því einn mikilvægasti málaflokkur sem sveitarfélög hafa með höndum. Nú þegar vega þessir þættir þyngst í rekstri þeirra. Á næstu árum er ekkert sem bendir til annars en svo muni verða. Þær stjórnkerfisbreytingar sem verið er að vinna að gera beinlínis ráð fyrir að færa enn fleiri þætti nærþjónustunnar á þessu sviði til sveitarfélaga. Það skiptir því miklu máli að sveitarfélög marki sér stefnu í þessum málaflokki. Vegna umfangs þessa málaflokks og vegna þess hve hann er margþættur er mikilvægt að sveitar-

félög búi yfir nauðsynlegri þekkingu til að takast á við verkefnin sem eru framundan. Með sameiningu verður hægt að ná fram samlegðaráhrifum sem hægt er að nýta til að bæta þjónustuna og gera hana fjölbreyttari. Með bættum samgöngum á einnig að vera hægt að nýta enn betur þá þekkingu sem einstakar stofnanir sameinaðs sveitarfélags búa yfir og auka á þann hátt gæði þjónustunnar.

Í flestum nágrannalöndum okkar hefur verið lögð á það mikil áhersla að styrkja sveitarfélög sem það stjórn-

sýslustig sem fer með mikilvægustu nærþjónustuna. Þau kynni sem ég hef að þessum málum, meðal annars í gegnum alþjóðlegt samstarf, hafa styrkt þá skoðun mína að mennta- og menningarmál séu lykil málaflokkar þegar kemur að því að byggja upp gott samfélag. Á tímum alþjóðavæðingar og aukinnar samkeppni á öllum sviðum er stefna í mennta- og menningarmálum eitt það mikilvægasta sem sveitarfélög þurfa að takast á við og það svið sem þau hafa jafnframt möguleika til að skapa sér samkeppnisforskot um besta fólkíð.

Rödd kjóсандans

Árni Sigurbjarnarson,
skólastjóri Tónlistarskóla Húsavíkur



Víðfeðmt sveitarfélag!

3.100 íbúar



OPNIR KYNNINGARFUNDIR fyrir íbúa

Raufarhafnarhreppur

Hnitbjörg, mánudaginn 16. janúar

Kelduneshreppur

Skúlagarði, miðvikudaginn 18. janúar

Öxarfjarðarhreppur

Pakkhúsinu, þriðjudaginn 17. janúar

Húsavíkurbær

Fosshótel, fimmtudaginn 19. janúar

Frummælendur á fundunum verða frá samstarfsnefnd, auk aðfenginna fyrirlesara. Fundirnir hefjast allir kl. 20.

KJÖRSTAÐIR - KJÖRFUNDIR

Kosningin fer fram laugardaginn 21. janúar á eftirtöldum kjörstöðum:

Skólahúsinu Kópaskeri kl. 9-17

Borgarhólsskóla Húsavík kl. 10-22

Grunnskólanum á Raufarhöfn kl. 10-18

Skúlagarði, Kelduneshreppi kl. 10-18

Hægt er að kjósa utan kjörfundar fram til kjördags hjá sýslumönnum, sendiráðum, fastanefndum og ræðismönnum Íslands erlendis.